

Að halda góðri heilsu í Evrópu: Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) að störfum

Rétthafar ljósmynda

Allar ljósmyndir © ECDC, nema á

Framhlið, mið; s 2; © CDC. Courtesy of Cynthia Goldsmith;

Jacqueline Katz; Sherif R. Zaki

Síðu 4 © stockexpert.com

Síðu 8, vinstri (c) US National Museum of Health and Medicine

Síðu 9 © CDC

Síðu 14, hægri © istockphoto.com

Síðu 16, vinstri © Image Source

Síðu 16, hægri © CDC. Courtesy of Dr Edwin P Ewing, Jr

© European Centre for Disease Prevention and Control, 2009

ISBN 978-92-9193-163-7


doi:10.2900/16970

Fjölföldun er leyfð að því tilskildu að heimilda sé getið. Allar ljósmyndir í þessu verki eru háðar höfundarrétti og því má ekki nota þær í tengslum við neitt annað en þetta verk nema með yfirlýstu leyfi höfundarréttarhafa.

Að halda góðri heilsu í Evrópu: Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) að störfum

Efnisyfirlit

Formáli – Aðgerðir ESB gegn smitsjúkdómum	3
Hvaða ógn stafar Evrópubúum af smitsjúkdómum?	4
Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) að störfum	6
Hvað ef heimsfaraldur brytist út á morgun?	8
Forgangsröðun Sóttvarnastofnunar ESB 2007–2013	10
Skipulag Sóttvarnastofnunar ESB	12
Helstu staðreyndir um Sóttvarnastofnun ESB	14
Listi yfir tilkynningarskylda smitsjúkdóma á vettvangi ESB	16



*Við sjáum fyrir okkur Evrópusamband þar sem allir þegnar
njóta fullkomnustu varna gegn smitsjúkdómum sem nýjustu
sóttvarnaaðgerðir hafa upp á að bjóða.*

Zsuzsanna Jakab, framkvæmdastjóri Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins



Formáli – Aðgerðir ESB gegn smitsjúkdómum

Heimurinn hefur aldrei verið jafn þétt samofinn og hann er í dag. Milljónir manna og mörg tonn matvæla fara yfir landamæri daglega. Á stærri hótélum Evrópu dvelja gestir frá ótal löndum á hverri nóttu. Eins og HABL-faraldurinn sýndi árið 2003 geta smitsjúkdómar brotist út og orðið að faröldrum sem breiðast út um allan heim á áður óþekktum hraða.

Góðu fréttirnar eru þær að nú á 21. öldinni búum við yfir betri leiðum til að greina og koma í veg fyrir að faraldrar brjótist út en á nokkru öðru tímabili sögunnar. Áskorunin felst í að feta leiðirnar rétt.

Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) var stofnuð 2005 til að styrkja varnargarða Evrópu gegn smitsjúkdómum. Við vinnum með stofnunum og aðildarríkjum ESB að greiðara samstarfi og uppbyggingu þeirrar gagnreyndu þekkingar sem þarf til skilvirkra aðgerða. Við sjáum fyrir okkur Evrópusamband þar sem allir þegnar njóta fullkomnustu varna gegn smitsjúkdómum sem nýjustu sóttvarnaaðgerðir hafa upp á að bjóða.

Sem vísindastofnun á vegum Evrópusambandsins gerir Sóttvarnastofnun ESB áhættumat á aðstæðum og lætur Evrópusambandinu og stefnumótendum aðildarríkjanna í té vísindalega sönnuð gögn. En við höfum líka virkara hlutverk í sjúkdómsvörnum Evrópu.

Starf okkar að eftirliti og mati á heilsuvá er ekki eingöngu unnið inni á skrifstofum okkar í Stokkhólmi. Við sendum faraldsfræðinga reglulega í vettvangsferðir, þar sem þeir meta atvik á staðnum. Þetta gerðum við 2005 og 2006 þegar vart varð við H5N1 fuglaflensuna í hluta Evrópu og aftur nýlega þegar faraldur af völdum hitabeltisveirunnar chikungunya braust út.

Því er það svo að þótt ákveðinn hluti starfs okkar beinist að tölfræði og vísindalegri úrvinnslu, höfum við einnig því hlutverki að gegna að bregðast við atvikum sem hafa bein áhrif á heilsu almennings. Í þessu felst ábyrgð og jafnframt hvatning til að gera hlutina rétt.

Í stuttu máli, það er hlutverk okkar að halda góðri heilsu í Evrópu, núna og um ókomna tíð.

Zsuzsanna Jakab
Framkvæmdastjóri Sóttvarnastofnunar
Evrópusambandsins



Hvaða ógn stafar Evrópubúum af smitsjúkdómum?

Smitsjúkdómar eru af völdum örvera – eins og t.d. baktaría, veira, sníkjudýra eða sveppa – sem gera innrás í mannlíkamann og fjölga sér. Örverur geta komist í fólk eftir mörgum mismunandi leiðum. Þær geta laumast inn með loftinu sem við öndum að okkur, vatninu sem við drekkum eða matnum sem við borðum. Fólk getur t.d. sýkst af örverum með snertingu við annað fólk, við dýr, plöntur eða jafnvel með við ósýnileg óhreinindi á hlutum í umhverfinu.

EBS-löndunum hefur almennt gengið vel að stemma stigu við smitsjúkdómum. Hreinlætisstaðlar eru strangir í ESB miðað við aðra heimshluta og aðildarríkin starfrækja öflug heilbrigðiskerfi. Með bólusetningaraðgerðum hafa einstök lönd haldið ýmsum sjúkdómum í skefjum og jafnvel útrýmt þeim í sumum tilfellum.

Tíðni flestra þeirra u.þ.b. 50 sjúkdóma sem Sóttvarnastofnunin safnar gögnum um, hefur ýmist farið lækkandi eða staðið í stað síðastliðin tíu ár. Flest dauðsföll innan

Evrópusambandsríkja eru af völdum sjúkdóma sem eru ekki smitandi, krabbameins og hjartasjúkdóma.

Það skal þó tekið fram að núverandi staða er árangur mikillar og sífelldrar vinnu heilbrigðisyfirvalda og starfsfólks, vísindamanna og annarra. Fyrir minna en 100 árum síðan voru sýkingar ennþá helsta dánarorsök fólks – sérstaklega barna og unglinga. Ef vörnunum sem við höfum reist er ekki haldið við og þær sífellt bætтар munu sýkingarnar snúa aftur af meiri krafti en áður. Jafnvel nú á tímum má ekki vanmeta byrðina sem fylgir smitsjúkdómum. Á hverju ári deyja tugþúsundir í ESB-löndunum af völdum smitsjúkdóma og milljónir vinnudaga tapast, svo ekki sé minnst á þær kvalir og þjáningar sem af þeim stafa.



Smitsjúkdómar – *helstu hættur*

- Helsta sjúkdómshætta Evrópu eru örverur sem eru orðnar ónæmar fyrir sýklalyfjum. Slíkar bakteríusýkingar eru vaxandi vandamál, jafnt inni á sjúkrahúsum sem úti í samfélaginu. Í ESB smitast árlega fjórar og hálf milljón manna af sýkingum innan heilbrigðisþjónustunnar og áætlað er að slíkar sýkingar dragi allt að 40.000 þeirra til dauða.
- Það voru tilkynnt yfir 25.000 ný tilfelli af HIV/alnæmismiti í ESB- löndunum 2006. Það búa samtals um það bil 700.000 HIV-sýktir í Evrópusambandinu. Af þeim vita um 30% – um það bil 200.000 manns – ekki að þeir eru sýktir.
- Nærri 90.000 berklatilfelli voru greind innan ESB árið 2006. Berklatilfellum fer fjölgandi innan áhættuhópa, s.s. farandverkamanna og HIV-sýktra. Það hefur orðið vart við berkla innan ESB sem eru ónæmir fyrir lyfjum. Það er mjög erfitt og jafnvel ómögulegt að lækna slík tilfelli.
- Á hverjum vetri veikjast hundruð þúsunda alvarlega af völdum árstíðarbundinnar inflúensu í löndum ESB. Nokkur þúsund þeirra deyja í venjulegum inflúensufaraldri, oftast en ekki að óþörfu, þar sem bóluefni eru til og standa áhættuhópum til boða.
- Örverur breytast og aðlagast með þeim afleiðingum að nýir sjúkdómar koma fram á sjónarsviðið. Þetta sáum við gerast með HIV/alnæmi á níunda áratuginum með afbrigðið af Creutzfeldt-Jakob sjúkdómnum á tíunda áratuginum og svo HABL árið 2003.
- Loftlagsbreytingar geta líka leitt til nýrra sjúkdómsmynstra í Evrópu. Á síðustu árum hefur heilahimnubólguveira breiðst út um Evrópu með blóðmaurum og meira að segja komið upp dæmi um nýja hitabeltissjúkdóma.



Sérfræðingar að störfum á vettvangi



Neyðaraðgerðamiðstöð ECDC

Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) að störfum

Viðbrögð við sjúkdómshættum

Síðan á tíunda áratuginum hafa ESB-lönd skipst reglulega á upplýsingum um faraldra sem gætu breiðst út yfir landamæri. Öruggt tilkynningakerfi sem kallast Vöktunar- og viðbragðskerfi ESB (*EU Early Warning and Response System, EWRS*) vegna heilsufarsógnna tengir saman heilsuþrigðisyfirvöld aðildarríkjanna, ECDC og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Starfsmenn „farsóttagreiningar“ hjá ECDC, sem hafa aðsetur í neyðaraðgerðamiðstöðinni fylgjast með kerfinu 7 daga vikunnar, 365 daga á ári. Þeir fylgjast líka með upplýsingaflæðinu frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), öðrum alþjóðlegum samstarfsstofnunum auk fjölmíðla.

Þegar vart er við hættu metur starfsfólk ECDC í skyndi mikilvægi hennar og miðlar niðurstöðunum til framkvæmdastjórnar ESB og aðildarríkjanna. Ef þurfa þykir getur ECDC sent sérfræðinga á vettvang að rannsaka aðstæður.

Upplýsingasöfnun frá ESB-löndum um smitsjúkdóma

ECDC safnar upplýsingum frá aðildarríkjum sínum um u.þ.b. 50 helstu sjúkdómna (sjá lista yfir þessa sjúkdóma á bls. 16). Þetta gerir ECDC kleift að raða saman heildarmynd af stöðu smitsjúkdóma í álfunni og greina

sveiflur í fjölda tilkynntra tilfella. Samstarf við aðildarríki og framkvæmdastjórn ESB að umbótum á áreiðanleika og samanburðarhæfi gagna um gervalla Evrópu er lykilmarkmið ECDC. Eins og er felst munurinn á milli landa í fjölda tilkynntra sjúkdómstilfella fyrst og fremst í ósamræmi í gagnasöfnun frekar en í raunverulegum muni á aðstæðum.

ECDC gefur árlega út farsóttaskýrslu með samantekt og úrvinnslu gagna um alla þá sjúkdóma sem eru undir eftirliti, og einnig skýrslur um stöðu ákveðinna sjúkdóma, svo sem HIV/alnæmi og berkla.

Útvegum sönnunargagna fyrir opinberum heilbrigðisaðgerðum

Auk þess að veita áreiðanlegar upplýsingar fyrir stefnumótendur lætur Sóttvarnastofnun ESB þeim líka í té sjálfstæðar vísindalegar umsagnir. Það gerir ECDC með því nýta sér sérfræðiþekkingu starfsfólks síns, sérfræðinga hjá opinberum lýðheilsustofnunum og fræðimanna. Til að semja slíkar umsagnir er venjulega skipuð sérstök vísindaleg nefnd sem gefur álit sitt í tilteknu máli. Niðurstaðan er svo rökrædd af ráðgjafafingi ECDC.

Evrópa hefur löngum verið þekkt fyrir framúrskarandi vísindalegan árangur á sviði líf- og smitsjúkdómafræði. Með samvinnu og myndun tengsla við helstu

Eurosurveillance – vísindarit Sóttvarnastofnunar ESB

Eurosurveillance er leiðandi evrópskt vísindarit helgað faraldsfræði smitsjúkdóma, eftirliti með þeim og sóttvörnum, sem kom fyrst út 1995, en ECDC tók yfir útgáfu þess í mars 2007. Ný tölublað koma út á hverjum fimmtudegi á slóðinni www.eurosurveillance.org, með nýjum tilkynningum og fréttum ásamt lengri og ítarlegri rannsóknargreinum og fréttum af faröldrum. Flestar greinar eru svo endurútgefnar í ársfjórðungslegu safnriti. Svo eru stundum sendar út á netið viðvaranir þegar upp

koma aðkallandi aðstæður sem tilkynna þarf til lesenda, svo hægt sé að koma viðeigandi lýðheilsuáðgerðum í framkvæmd.

Aðgangur að *Eurosurveillance* er öllum opin og ókeypis fyrir bæði lesendur og höfunda. Áskrifendur að rafrænni útgáfu ritsins eru yfir 13.000 og prentútgáfan er prentuð í meira en 6.000 eintökum.

vísindamenn Evrópu gerir ECDC það mögulegt að veita þekkingu um lýðheilsuáhrif í einn og sama farveg þvert á landamæri ríkjanna. Að auki miðar núverandi starfsemi stofnunarinnar að myndun nánari tengsla milli vísinda og stefnumótunar og að hraðari hagnýtingu uppgötvana á rannsóknarstofum við lausn lýðheilsuáhrifa líðandi stundar.

Þjálfun og aukin geta

ECDC samhefir Evrópska þjálfunarverkefnið fyrir sóttvarnastarf (*European Programme for Intervention Epidemiology Training, EPIET*), sem býður upp á þjálfun og hagnýta reynslu á opinberum sóttvarnastofnunum innan ESB. ECDC og aðildarríki ESB fjármagna verkefnið, sem beinist að starfandi læknum, hjúkrunarfræðingum á lýðheilsusviði, örverufræðingum, dýralæknum og öðru heilbrigðisfagfólki sem starfar á því sviði faraldsfræðinnar sem lýtur að lýðheilsu. Markmiðið er að þróa evrópskt net faraldsfræðinga sem þannig efla vöktun og viðbragðsgetu innan og jafnvel einnig utan Evrópusambandsins.


ECDC ráðfærir sig reglulega við opinbera embættismenn og skipuleggur fyrir þá stutt þjálfunarnámskeið. Það gerir ECDC kleift að meta lýðheilsu aðildarríkjanna og einblína á svæðin þar sem mest þörf er á getuaukningu.

Miðlun heilbrigðisupplýsinga: upplýsingar sem auðvelda aðgerðir

Markmið ECDC er að veita upplýsingar og greiningu sem hægt er að nýta til aðgerða. Aðildarríkin og stefnumótendur heilbrigðisþjónustu Evrópusambandsins geta hins vegar ekki farið eftir nýjustu ráðleggingum eða upplýsingum nema þeir viti af tilvist þeirra. Miðlun vísindalegra upplýsinga er því mjög mikilvæg fyrir ECDC.

Þó að sérfræðingar og stefnumótendur á sviði lýðheilsu séu helsti markhópur ECDC hafa smitsjúkdómar áhrif á líf allra. Evrópubúar og fjölmiðlar hafa þar af leiðandi með réttu áhuga á því hvað ECDC er að gera. ECDC hefur frumkvæðið að samskiptum við fjölmiðla og beinir sumum af útgáfum sínum beint til almennings.

Auk þess að miðla niðurstöðum úr starfsemi sinni starfar ECDC líka sem uppspretta sérfræðiþekkingar fyrir aðildarríkin um góða starfshætti við miðlun heilbrigðisupplýsinga og greiðir götu fyrir alþjóðlegar upplýsingaerferðir. Í faröldrum hafa ECDC og framkvæmdastjórn ESB mikilvægu hlutverki að gegna í því að stuðla að samræmi í upplýsingamiðlun innan ESB þegar skapast hættuástand.



Sjúkrahús í spænsku veikinni árið 1918



Hvað ef heimsfaraldur brytist út á morgun?

Hvað ef ný og sérlega illskæð tegund inflúensu kæmi fram og dreifðist um heiminn? Hvaða hlutverk mun ECDC leika í vörnum Evrópubúa gegn sjúkdómnum?

Líklega myndi faraldurinn brjótast út utan Evrópu. Það er líka vel hugsanlegt að fyrstu merki um nýjan sjúkdóm yrðu ekki greind sem upphaf inflúensufaraldurs. **Faraldsfræðifulltrúar ECDC** myndu fyrstir sjá merki þess að það stefndi í faraldur í gegnum fjölmiðla þess lands þar sem sýkingin kom upp eða í gegnum opinberar leiðir. Þessi opinbera staðfesting gæti verið hvort sem er tilkynning frá heilbrigðisyfirvöldum ríkisins eða frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO).

Verkefni ECDC væri svo að meta hversu alvarleg hættan væri fyrir lýðheilsu í Evrópu. Þar sem það er skiljanlegur alþjóðlegur áhugi á hugsanlegum inflúensufaraldri, þá færi matið fram í nánú samstarfi við WHO og aðra alþjóðlega samstarfsaðila.

Á fyrstu stigum sóttarinnar má búast við stórum skörðum í þekkingu okkar á nýju veirunni. Heilbrigðisyfirvöld munu vilja vita hversu smitandi veiran er (t.d. hversu stór prósentutala íbúa er líkleg til að veikjast) og hversu hættuleg hún er (þ.e. hversu líklegt er að sýktir muni deyja). Þau mundu einnig vilja vita hvort veiran herji

frekar á einhverja hópa fremur en aðra — t.d. börn eða aldraða. Það er líklegt að WHO bjóðist til að senda **faraldurshjálparhóp** til aðstoðar í sýkta landinu. ECDC myndi miðla sérfræðingum til þessa hóps og í gegnum þá ættu niðurstöður faraldurshjálparhópsins að berast hratt til heilbrigðisyfirvalda í Evrópuríkjum.

ECDC hefur unnið náið með aðildarríkjunum að eflingu **viðbúnaðar** þeirra gegn inflúensufaraldri. Ef verður af heimsfaraldri þá myndu aðildarríkin virkja viðbúnaðar-áætlanir sínar.

ECDC myndi halda utan um allar **vöktunarpplýsingar** um dreifingu sjúkdómsins um álfuna. Slík vöktunarkerfi hafa nú þegar verið þróuð og byggja á núverandi kerfum gerðum fyrir eftirlit með árstíðarbundinni inflúensu í Evrópu.

ECDC myndi bjóða upp á **siuppfærðar upplýsingar** um stöðuna í gegnum vefsetur sitt og vísindaritit. ECDC myndi vinna með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, aðildarríkjunum og öðrum lykilaðilum að því að stuðla að

Viðbrögð við nýrri ógn: Chikungunya-sóttin í Evrópu

Chikungunya-veiran berst með moskítóflugum í menn og veldur háum hita og sársauka í liðamótum. Þó sóttin sé sjaldan lífshættuleg, þá er hún ógæðfelldur sjúkdómur sem breiðist hratt út ef veiran nær fótfestu í moskítóflugustofni svæðisins. Veturinn 2005-2006 kom upp chikungunyafaraldur á eyjunni La Réunion í Indlandshafi. ECDC leiddi saman hóp sérfræðinga sem mátu hvort það væri hættu á að chikungunyasóttin bærst til Evrópu. Sérfræðingarnir fundu þó nokkur svæði í Evrópu þar sem moskítóflugurnar gætu borið með sér veiruna.



samræmi í samskiptum um hættuna sem heimsfaraldri fylgir.

Á meðan á heimsfaraldri stæði myndi ECDC einnig vinna með aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni að **mati á hversu árangursríkar** sóttvarnaaðgerðirnar væru. ECDC myndi safna saman vísindalegri þekkingu og deila reynslu af því sem skilar árangri í baráttu við faraldurinn.

Miðað við hversu mikið væri um ferðalög milli Evrópu og Indlandshafs, þá komust þeir að þeirri niðurstöðu að hættan á Evrópufaraldri væri raunveruleg.

Í kjölfar þessa mats aðstoðuðu ECDC og framkvæmdastjórn ESB aðildarríkin við að miðla upplýsingum um sjúkdóminn og efla viðbúnað gegn chikungunya-veirunni.

Sumarið 2007 braust sóttin fyrst út í Evrópu, í Ravenna-héraði í Norðaustur-Ítalíu. Þökk sé þeirri vinnu sem lögð hafði verið í undirbúning þá voru heilbrigðisyfirvöld á svæðinu viðbúin hættunni sem stafaði af chikungunya-sóttinni og höfðu yfir þeim tækjum að ráðs sem þurfti til að prófa fyrir veirunni. Sóttin uppgötvaðist snemma og það tókst að koma í veg fyrir útbreiðslu hennar. Engu að síður staðfesti upptökoman að chikungunya-veiran er alvaraleg ógn sem Evrópa má ekki hunsa. Sameiginlegt teymi frá ECDC og WHO heimsótti Ravenna meðan faraldurinn stóð yfir og skilaði sameiginlegu mati á hver áhrifin yrðu fyrir Evrópulönd.



Vísindaráðstefna Evrópu um hagnýta faraldsfræði á sviði smitsjúkdóma (ESCAIDE)



Zsuzsanna Jakab í Evrópuþinginu

Forgangsröðun Sóttvarnastofnunar ESB 2007–2013

Áætlun ECDC fyrir árabilið 2007–2013 greinir og sundurliðar þau brýnu úrlausnarefni sem smitsjúkdómar munu skapa í Evrópu á næstu árum og skilgreinir hlutverk stofnunarinnar í að aðstoða aðildarríkin við að ráða fram úr þeim.

Lykilverkefni ESB til styrkingar heilbrigðiskerfisins eru þ.á m.:

- Auka gæði vöktunargagna innan ESB og gera þau samanburðarhæfari. Sýna fram á að skráður mismunur í sjúkdómstillfellum felst oftast í mismunandi fréttalutningi en „raunverulegum“ mismuni á aðstæðum.
- Að draga samansafnaða vísindabekkingu ESB saman í gagnreyndar ráðleggingar á sviði lýðheilsu sem aðildarríkin og þegnar þeirra geta fært sér nyt.
- Að koma upp rétta kerfinu til að greina nýja sjúkdóma og bregðast við þeim.
- Lausn þessara verkefna er helsta viðfangsefni ECDC og skipulagsáætlunin gefur okkur þá umgjörð sem þarf til við að takast á við þau.



Fundur í framkvæmdastjórn ECDC

Markmið fyrir 2013

Að árið 2013:

Markmið 1: Muni ECDC hafa komið með þýðingarmikið framlag til vísindalegrar vitneskju um smitsjúkdóma og afleiðingar þeirra, bæði fyrir einstaklinga og samfélagið almennt.

Markmið 2: Verði ECDC orðin aðalmiðstöð smitsjúkdómavöktunar í ESB og verði orðin viðmiðið þegar kemur að eflingu vöktunarkerfa í aðildarríkjunum.

Markmið 3: Muni ECDC hafa fest í sessi orðspor sitt um yfirburði á sviði vísinda og forystu meðal samstarfsaðila sinna og að ECDC verði orðin helsta uppspretta vísindabekkingar og ráðgjafar um smitsjúkdóma.

Markmið 4: Verði ECDC helsta stoð ESB við greiningu, mat, rannsóknir og samhæfð viðbrögð við nýjum ógnum af völdum smitsjúkdóma.

Markmið 5: Verði ECDC orðin viðmiðunarstofnun innan ESB þegar kemur að því að aðstoða með þjálfun við eflingu og uppbyggingu getu í sóttvörnum.

Markmið 6: Verði framleiðsla ECDC á sviði upplýsingamiðlunar og boðskipta helsta uppspretta áreiðanlegrar og sjálfstæðrar vísinda- og tækniþekkingar á sínu sviði í Evrópu, sem og að ECDC verði lykilstólpi ESB í samskiptum á hættutíma.

Markmið 7: Hafi ECDC byggt upp virk samstarfsferli við alla lykilsamstarfsaðila.



Fundur í ráðgjafanefnd ECDC

Skipulag Sóttvarnastofnunar ESB

Skipulag stofnunarinnar byggir á lykिलlutverkum. Í núverandi mynd samanstendur hún af fjórum fagsviðum (vísindalegri ráðgjöf, vöktun, viðbúnaði og viðbrögðum og samskiptum um heilsufarsleg mál) auk stjórnsýslusviðs. Stjórnun, forysta, samræming og samskipti við erlend ríki eru í höndum ráðs framkvæmdastjórans. Öll starfsemi tengd vissum sjúkdómum fer fram á öllum fjórum fagsviðunum: ECDC hefur hingað til komið á sex þannig verkefnum: Um öndunarfærasýkingar; kynsjúkdóma, þ.á m. HIV og veirur sem berast með blóði; sjúkdóma sem unnt er að bólusetja gegn; sýkingar sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum og sýkingar í heilbrigðisþjónustu; sýkingar sem berast með mat eða vatni og súnur, þ.e.sjúkdóma sem smitast milli dýra og manna; og loks nýja sjúkdóma og sjúkdóma sem smitast með smitberum.

Stjórn stofnunarinnar

Sem sjálfstæð stofnun innan vébanda Evrópusambandsins skilar Sóttvarnastofnun ESB greinargerð til **stjórnar**. Meðlimir stjórnarinnar eru tilnefndir af aðildarríkjunum, Evrópuþinginu og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Stjórnin tilnefnir framkvæmdastjóra ECDC og er hann ábyrgur fyrir forystu og stjórnun stofnunarinnar. Hún verður líka að tryggja að stofnunin inni af hendi verkefni sín og markmið í samræmi við stofnreglugerðina. Stjórnin samþykkir og hefur eftirlit með framkvæmd vinnu- og fjárhagsáætlunar Sóttvarnastofnunar

ESB og samþykkir ársskýrslur og reikninga hennar — gegnir í raun hlutverki yfirstjórnar stofnunarinnar. Hún kemur saman að minnsta kosti tvisvar á ári.

Ráðgjafanefndin ráðleggur framkvæmdastjóra Sóttvarnastofnunar ESB um gæði vísindastarfs stofnunarinnar. Í henni sitja háttsettir fulltrúar heilbrigðisstofnana, sem tilnefndir eru af aðildarríkjunum á grundvelli vísindapekkingar þeirra, ásamt embættismanni á sviði lýðheilsu frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins. Evrópsk vísindasamtök og borgaraleg félagasamtök eiga einnig áheyrnarfulltrúa í ráðgjafarnefndinni. Framkvæmda-



Starfsfólk ECDC

stjóri Sóttvarnastofnunarinnar býður WHO að sitja fundi til að tryggja samræmi milli vísindastarfs beggja stofnanna. Auk þess að gefa ECDC ráð, er hlutverk ráðgjafanefndarinnar að vera farvegur greiðra upplýsingaskipta um lýðheilsuáhrif á milli aðildarríkja. Ráðgjafanefndin kemur saman að minnsta kosti fjórum sinnum á ári.

Stjórnsýslunefndin (EXC) er ráðgjafanefnd framkvæmdastjórnans, en hún hittist vikulega. Hún samstendur af háttsettari stjórnendum stofnunarinnar. Nefndin er helsti vettvangur verkefnasmíðar og þróunar stefnumála og -mótunar, en er einnig vettvangur umræðna um og samhæfingar daglegrar starfsemi stofnunarinnar, þ.á m. eftirfylgni með fjárhagnum og starfsáætlunum.

Lögbærir aðilar ECDC eru stofnanir eða vísindaaðilar sem veita sjálfstæða tæknilega ráðgjöf eða geta lagt af mörkum störf á vettvangi sóttvarna. Þeir hafa verið útnefndir af ríkisstjórnnum aðildarríkjanna.

Þeir veita ECDC aðstoð og ECDC starfar sömuleiðis með þeim í öllum sínum verkefnum og þá sérstaklega í allri undirbúningsvinnu fyrir vísindalegar umsagnir, vísindalegrí og tæknilegrí aðstoð, gagnavinnslu, greiningu á aðsteðjandi ógn við heilsu og opinberum fræðsluherferðum.



Helstu staðreyndir um Sóttvarnastofnun ESB

- Starfrækt síðan: **Maí 2005**
- Aðsetur stofnunar: **Stokkhólmur, Svíþjóð**
- Framkvæmdastjóri: **Zsuzsanna Jakab**
- Aðildarríki: **ESB löndin 27 og EES/EFTA löndin (sjá lista fyrir neðan)**
- Stofnreglugerð: **Reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins Reglugerð EB/851/2004**
- Fjárhagsáætlun: **41,1 milljón € 2008**
- Næstu skref: **Fjárhagur ECDC mun hækka í yfir 56 milljónir € fyrir 2010 og starfsfólki verður fjölgað í u.þ.b. 350 manns samkvæmt nágildandi heimildum.**

Markmið Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins

Stofnreglugerð ECDC skilgreinir markmið, verkefni og starfstilhögun stofnunarinnar. Það má draga hana saman í eftirfarandi:

- ECDC skal beina starfi sínu að smitsjúkdómum og farsóttum af ókunnum uppruna.
- ECDC skal taka frumkvæðið að miðlun upplýsinga og vísindalegrar þekkingar á öllum sviðum smitsjúkdóma.
- ECDC skal vera erindreki breytinga með virkum stuðningi við ESB-kerfið og aðildarríkin í viðleitni þeirra á sviði sóttvarna.

Frekari upplýsingar um Sóttvarnastofnun ESB

Vefsetur:

Það er hægt að nálgast frekari upplýsingar um ECDC og aðgerðir þess á vefsetri þess. Þar geturðu t.d. fundið nákvæmar upplýsingar um helstu smitsjúkdómama sem ECDC vaktar, tengla á skyldar stofnanir (t.d. eftirlitsstofnanir ESB

eða aðildarríkja), fréttasafn og upplýsingar um væntanlega atburði. www.ecdc.europa.eu

Eurosurveillance

ECDC gefur út vikulegt vísindarit á netinu kallað *Eurosurveillance*. Það var stofnað 1995 og er orðið helsta ritið um smitsjúkdóma í Evrópu. Það er opið öllum og er boðið upp á tilkynningar í vefpósti og RSS-varpi. www.eurosurveillance.org

Aðildarríki:

Net ECDC telur eftirfarandi ríki:

27 aðildarríki ESB


Austurríki, Belgía, Búlgaría, Bretland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Tékkland, Svíþjóð, Ungverjaland, Þýskaland.

EES/EFTA löndin

Ísland, Liechtenstein, Noregur

Önnur lönd í nágrenni ESB:


Stofnunin er byrjuð að innlima þrjú ný ríki sem eru í inngönguferli inn í starf sitt: Króatíu, Makedóníu og Tyrkland. Hugsanlega munu fleiri lönd í nágrenni ESB einnig koma að starfi ECDC. Samningaviðræður eru hafnar milli Sviss og ESB með því markmiði að Sviss taki þátt í starfi ECDC.



ECDC útgáfur

ECDC gefur út ýmis rit sem ætluð eru að bæði sérfræðingum og almenningi. Sérfræðiritin eru einungis gefin út á ensku, en útgáfur fyrir almenning eru gefnar út á öllum 23 opinberu ESB tungumálunum, auk íslensku og norsku.

ECDC gefur út ársfjórðungslegt fréttarit, *ECDC Insight*, um starfsemi sína sem og ársfjórðungslegar samantektir á vísindalegri umræðu (*ECDC Executive Science Update*) handa stefnumótendum.



Vefjaskemmdir af völdum berkla, legslímhúð

Listi yfir tilkynningarskylda smitsjúkdóma á vettvangi ESB

Sýkingar í öndunarvegi

Inflúensa, berklar, hermannaveiki.

Kynsjúkdómar, þ.á m. HIV og veirur sem berast með blóði

Klamydía, lekandi, lifrabólga B, lifrabólga C, HIV og sárasótt.

Sjúkdómar sem berast með mat eða drykk og sjúkdómar sem smitast milli dýra og manna

Kampýlóbakter-sýking, cryptosporidiosis, kólíbaktería (EHEC), vetrarflensa, salmonella, lifrabólgur A og E, Hvanneyrarveiki, bótulismi, öldusótt, Creutzfeldt-Jakob sjúkdómurinn og önnur smitandi heilahrörnun (TSE), blóðsótt, bogfrymlasótt, tríkínu- og rauðmunnaveiki, miltisbrandur, kólera, hérasótt, sullaveiki, giardia og leptospírósis.

Nýir sjúkdómar og sjúkdómar sem smitast með smitberum

Malaría, Q-hitasótt, chikungunya-veira, hanta-veira, beinbrunasótt og gulusótt, Vestur-Níllarsótt, Lyme sjúkdómur, heilabólga sem smitast með lús (TBE), plágan, HABL, bólusótt, veiruhitasótt, nýir/aðrir sjúkdómar af ókunnum orsökum.

Sjúkdómar sem hægt er að bólusetja gegn

Haemophilus inflúensa B, mislingar, meningókokka-sótt, hettusótt, kíghósti, rauðir hundar, lungnabólgu-sýki, barnaveiki, stífkrampi, mænusótt, hundaæði, rötaveirusýking, hlaupabóla, HPV-veira.

Sýkingar í heilbrigðisþjónustu og sýkingar sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum

Spítalasjúkdómar, lyfjaónæmir sýklar

Útgefin verk frá ESB:

- Verðlagðar útgáfur fást í Bókaverslun ESB (<http://bookshop.europa.eu>) og þar er hægt að panta útgefin verk hjá sölufulltrúa að þínu vali.
- Útgáfuskrifstofan hefur á sínum snærum söluaðila um allan heim. Frekari upplýsingar um hvar þá má nálgast fást með því að senda símbref til +352 2929-42758

Ókeypis útgáfur:

- Hjá Bókaverslun ESB (<http://bookshop.europa.eu>)
- Hjá fulltrúum og sendinefndum framkvæmdastjórnar ESB. Frekari upplýsingar um hvar þá má nálgast fást á Netinu (<http://ec.europa.eu>) eða með því að senda símbref til + 352 2929-42758.



**European Centre for Disease
Prevention and Control (ECDC)**

Póstfang:

ECDC, 171 83 Stockholm, Sverige

Heimilisfang:

Tomtebodavägen 11 A
17183 Stockholm, Sverige

Sími: +46 858601000

Bréfsími: +46 858601001

Vefsetur: <http://www.ecdc.europa.eu>

ECDC er stofnun á vegum Evrópusambandsins
www.europa.eu



TQ-30-08-669-IS-C

Þessi bæklingur er fánlegur á eftirfarandi tungumálum:

Dönsku, ensku, eistnesku, finnsku, frönsku, grísku,
hollensku, írsku, íslensku, ítölsku, lettnesku, litháísku,
maltnesku, norsku, pólsku, portúgölsku, slóvakísku,
slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungersku,
þýsku